

Fundargerð 124. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn föstudaginn 25. maí 2018 kl. 12:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Agnar Ólason, Kristmundur Skarphéðinsson, Sigurður Gunnar Benediktsson, Þorsteinn Hjálmarsson, Svanur Gunnsteinsson, Símon Guðvarður Jónsson og Guðni Þór Elísson

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 123
 2. Orlofsmál
 3. Bankayfirlit
 4. Starfslok GR og ráðningarsamningur GHP
 5. Neistinn
 6. Breytingar á húsnæði
- Önnur mál

Formaður setti fundinn.

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 123

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.

Formaður sagði frá gangi mála hjá sáttasemjara varðandi hvalaskoðunarskipin og fl. og frá fundi lðnaðarmannafélaganna varðandi samvinnu í komandi kjarasamningum.

2. Orlofsmál

Formaður talaði um að það þyrfti að skoða hvað flokkaðist undir veruleg fjárútlát þegar kemur að orlofshúsunum, nær það t.d. yfir viðgerðir á húsunum eða ef nýtt hús er sett í stað eldra þar sem ekki er talið svara kostnaði að gera við. Skilgreina þarf viðhald betur í lögum félagsins.

Farið var á Egilsstaði og húsin á Úlfstöðum og Einarstöðum voru skoðuð og er húsið á Úlfstöðum í mjög góðu standi. Húsið á Einarstöðum er orðið mjög þreytt og hafa nokkur félög verið að láta gera upp húsin sín. Ákveðið var að Orlofsnefnd VM yrði kölluð saman til að fara yfir stöðuna.

Formaður sagði frá heimsókn formanns Félags málmíðnaðarmanna á Akureyrir hefði komið í heimsókn og að þeir hefðu rætt um samstarf félaganna. Fyrsta skrefið gæti verið að samnýta orlofshúsin yfir vetrarmánuðina. Stjórn samþykkti það og fól formanni að vinna málið áfram.

Formaður lagði fram teikningar af íbúðum í Vestmannaeyjum sem okkur stendur til boða að kaupa. Hann nefndi þá hugmynd að við gætum mögulega keypt með öðru félagi eins og málmiðnaðarmönnum á Akureyri. Ákveðið var að láta orlofsnefnd fara yfir málið.

3. Bankayfirlit

Lögð voru fram eignastýringaryfirlit með skýringum frá Íslandsbanka, Arion banka og Kviku fyrir fyrstu 4 mánuði ársins. Ávöxtun er mun minni en 2017 en þó í plús og svipað hjá öllum.

4. Starfslok GR og ráðningarsamningur GHP

Formaður og ritari viku af fundi. Báðir samningar eru í vinnslu og launanefndin kynnti stöðuna fyrir stjórnarmönnum. Ákveðið var að launanefnd myndi sjá um að klára samningana.

5. Neistinn

Formaður lagði fram þær tilnefningar sem hafa borist vegna afhendingar Neistans. Ákveðið var að VM styðji tillöguna um að Helgi Már Sigurgeirsson yfirvélstjóri á Víkingi AK-100 fái Neistann að þessu sinni.

6. Breytingar á húsnæði

Rætt var um fyrirhugaðar breytingar á skrifstofu VM. Ljóst að ekki verður hægt að fara í þessar breytingar nema að sækja um heimild á aðalfundi. Ákveðið að leigja Leiðsögumönnum áfram í eitt ár ef þeir vilja.

7. Önnur mál

Formaður lagði fram beiðni um styrk frá Sigmönnum Landhelgisgæslunnar. Beiðninni var hafnað

Aðalfundur Fiskifélagsins er í næstu viku. Við eigum 2 fulltrúa og mikilvægt að nýta það. Formaður spurði hvort einhverjir stjórnarmenn væru til að fara með sér, hann mun hafa samband við þá þegar nær dregur.

Formaður upplýsti um mál sem er í gangi í ÍSAL.

Spurt var hvernig hefði verið með heimasíðuna, þ.e. hvort stjórnarmenn hafi getað skrifað pistla og fengið birta. Formaður sagðist ekkert sjá því til fyrirstöðu ef menn skrifuðu málefnalega pistla. Ákveðið var að semja reglur um þetta og koma með í haust.

Lögð var fram beiðni til stjórnar VM um heimild til þess að kanna réttmæti gjaldheimtu Samgöngustofu vegna atvinnuskírteina vélstjórnarmanna og ástæður langs afgreiðslutíma þeirra. Beiðnin var lesin upp fyrir fundarmenn. Umræður urðu um beiðnina og svo var hún samþykkt með þeim breytingum og að þetta yrði unnið starfsmann VM.

Spurt var út í kjararáðstefnu VM. Ákveðið var á sínum tíma að hafa hana á 2ja ára fresti. Nú féll ráðstefnan niður í fyrra, en hver er staðan núna. Formaður upplýsti að hún yrði ekki í haust en mjög líklega að ári.

Óskað var eftir að skoðað yrði með að lengja excel skjalið á ársreikningi í 10 ár og með vísitölu.

Fundi slitið kl. 15:00

Beiðni til stjórnar VM um heimild til þess að kanna réttmæti gjaldheimtu Samgöngustofu vegna atvinnuskírteina vélstjórnarmanna og ástæður langs afgreiðslutíma þeirra.

Undirritaður vill kanna það hvað liggur til grundvallar gjaldskrár Samgöngustofu v/atvinnuskírteina vélstjórnarmanna á fiskiskipum og hverjar ástæður eru fyrir löngum afgreiðslutíma við útgáfu þeirra.

Ástæður: Reynsla mín og margra annara af umsóknum um atvinnuskírteini hjá Samgöngustofu er þess eðlis að grunsemdir hafa vaknað um að pottur sé brotinn hvað þessi mál varðar þar á bæ.

Gjald fyrir skírteinisútgáfu er kr. 8.900.- og afgreiðslutími tólf virkir dagar eftir að öllum gögnum hefur verið skilað og útgáfugjald verið greitt en gegn tvöföldu gjaldi er unnt að fá flýtimeðferð og er skírteini þá gefið út innan þriggja virkra daga.

Í núgildandi lögum no. 30/2007 frá 23. mars það ár um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa er það 18 gr. sem tekur á þessu og hljóðar svo:

“Greiða skal gjald fyrir útgáfu skírteina, viðurkenningu erlendra skírteina og veitingu undanþágna samkvæmt lögum þessum og skulu þau gjöld standa undir kostnaði [Samgöngustofu] ¹⁾ sem af því hlýst. [Jafnframt skal greiða gjald vegna kostnaðar sem til fellur vegna próftöku samkvæmt lögum þessum.] ²⁾ Gjöld skulu ákveðin í gjaldskrá stofnunarinnar”.

Lagagrein þessi verður ekki skilin á annan hátt en að gjaldheimta megi ekki vera hærri en sem nemur útgjöldum Samgöngustofu vegna útgáfunnar.

Hvað réttlætir tvöfalda gjaldheimtu við flýtimeðferðina og er það eðlilegt að afgreiðsla taki almennt 12 virka daga þegar unnt er að ljúka henni af á þremur dögum? Við þessu vil ég fá svör.

Samgöngustofa hefur gefið það út að umsókn sé aðeins tekin til afgreiðslu hafi gjald verið greitt og hef ég sjálfur fengið þau svör, þegar ég ætlaði að spyrjast fyrir um það hvort ég hefði nægan siglingatíma til þess að sækja um uppfærslu á skírteini (og þar með hvort grundvöllur væri fyrir mig til þess að leggja inn umsókn) að ég skyldi byrja á því að leggja inn umsóknina og þá kæmi það í ljós hvort siglingatíminn nægði til útgáfu þess. Hafa ber í huga að til þess að umsókn sé tekin til afgreiðslu þarf að umsækjandi að leggja í nokkur fjárútlát og fyrirhöfn áður; fá læknisskoðun og -vottorð um heilbrigði og passamynd auk þess að greiða gjaldið til Siglingastofnunar; tvöfalt ef mikið liggur við. Þetta er óviðunandi ástand.

Þessi langi afgreiðslufrestur og óliðlegheit starfsfólks Samgöngustofu kemur sér sérlega illa fyrir námsmenn sem vilja leita fyrir sér um pláss á milli skólaára; fyrst þegar fyrir liggur að vori að námsárangur gefi tilefni til útgáfu atvinnuskírteinis tekur við afgreiðslufrestur á þriðju viku (að því gefnu að umsækjandi hafi gengist undir læknisskoðun áður en skóla lauk upp á von og óvon; lengri að öðrum kosti) nema gegn tvöföldu gjaldi.

Niðurstaða umsóknarinnar kann svo að verða sú að siglingatími sé ekki nægur til útgáfu skírteinis og þar með er fyrirhöfnin unnin fyrir gíg, með ærnum tilkostnaði fyrir umsækjandann.

Hafa ber í huga að örðugt er að verða sér úti um upplýsingar um siglingatíma úr lögskráningarkerfi annars staðar en hjá Samgöngustofu og þau óliðlegheit sem fyrr eru nefnd því ólíðandi með öllu.

Hér með fer ég þess á leit við stjórn VM að ég fái, sem stjórnarmaður, að spyrjast fyrir um þessi mál hjá Samgöngustofu og annars staðar í stjórnarsýslunni f.h. félagsins og í nafni þess og reyna að ná fram umbótum, félagsmönnum til hagsbóta. Ég ætla VM ekki að bera nokkurn kostnað vegna þessarar vinnu.

Agnar Ólason

